

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitunefnd og sveitarstjórn Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. mars 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhannes Guðfinnsson.

24. mars 1975.

Nr. 98.

REGLUGERÐ

um Hitaveitu Mosfellshrepps.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fjarhitun í Mosfellshreppi.

Stjórn Hitaveitu.

2. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps, hér eftir nefnd hitaveitan, er eign Mosfellshrepps og fer hreppsnefnd með stjórn hitaveitunnar.

Einnig getur hreppsnefnd skipað sérstaka stjórn yfir hitaveituna.

Einkaleyfi hitaveitu.

3. gr.

Hitaveitan hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Mosfellshrepps, sem ekki brjóta í bág við áður gerða samninga við Reykjavíkurborg.

Hitaveitan getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

Utanhússlagnir.

4. gr.

Hitaveitan lætur leggja allar utanhússlagnir; Aðalæðar, dreifiæðar, og heimæðar inn í hús samanber þó 2. málsgrein 3. gr.

5. gr.

Þeim, sem húseign á við götu, eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, getur hitaveitan ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

6. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiaðum sínum, svo og heimæðum og lögnum að vatnsmæli eða rennslisheimli og telst dreifikerfið ná þangað og vera eign hitaveitunnar.

7. gr.

Sá varmi, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilsnota.

Nú kemur fram ósk um að nota varma til annarra þarfa en greinir í 1. málsgrein og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar.

8. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á dreifiaðum hennar sé ávallt nægilegur.

Ábyrgð hitaveitu.

9. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks.

10. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss.

Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn getur hún leyft notkun þess til upphitunar á t. d. geymslu, bílskúr eða gróðurhúsi. Hitaveitan getur þó jafnan afturkallað slík leyfi, ef hún þarf á vatninu að halda.

Notandi skal sjá um að leiða hitaveituvatn frá hitakerfi sínu í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þannig heitara en 50°C.

Tenging við hitaveitu.

11. gr.

Áður en tengt er við hitaveitu skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af byggingarnefnd. Hitaveitan skal vera til aðstoðar byggingarnefnd í málum, sem snerta hitalagnir. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitunarkerfum, sem breyta á, getur hitaveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Við gerð uppdráttar skal miða við reglur byggingarsamþykktar.

Eftirlit.

12. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins.

Dælur á heimæðum.

13. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitunnar sé fyrir hendi og þannig sé frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

Viðurlög við brotum.**14. gr.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað hlutaðeigandi aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði en innheimta síðan hiá hlutaðeigandi aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. mars 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhannes Guðfinnsson.

S A M Þ Y K K T**um hundahald í Mosfellshreppi.****1. gr.**

Hundahald er bannað í Mosfellshreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við húrekstur í hreppnum, eru undanþegnir þessu gjaldi.
- c. Skýlt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartrygðan hjá viðurkenndu vaxryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum.
Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og